

Sp.

230. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur á þskj. 209 og 220 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Við undirritaðir viljum sérstaklega taka fram, að við gátum ekki fallist á vinnubrögð við skiptingu á fjárveitingum til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva að þessu sinni.

Ógerlegt er að fjalla um ríkisfjármálin án þess að gera um leið grein fyrir almennri efnahagsþróun síðustu ára og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Nefndarálitið skiptist því í fjóra meginþætti eins og fram kemur hér á eftir.

I. Meginstefnan í ríkisfjármálum og efnahagsmálum frá 1978.

Núverandi ríkisstjórn fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstjórnir á síðasta áratug sem hafa sjálfar kallað sig vinstri stjórnir. Hún eykur skattheimtu annað árið í röð og hefur stórlega þyngt skattálögur vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem þó voru ærnar fyrir. Á verðlagi fjárlagafrumvarpsins munu nýir og hækkaðir skattar síðan 1978 nema yfir 60 milljörðum króna á næsta ári, og með útsvarshækkunum, sem leyfðar voru í fyrra, verða skattaálögur til ríkis og sveitarfélaga um 70 milljörðum króna þyngri á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarpsins en verið hefði ef sömu skattareglur giltu og 1978. Þetta jafngildir rúmlega 1.5 millj. króna á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisstjórnin þenur út ríkisútgjöldin, jafnvel umfram skattahækkanirnar, eykur miðstýringu og ríkisafskipti, auk þess sem hún beitir sér fyrir harkalegri verðlagshöftum en þekkt hafa hér á landi a. m. k. síðasta áratug. Slík haftastefna lamar atvinnulífið, skerðir lífskjör og hefur þveröfug áhrif í verðlagsmálum við það sem fylgjendur hennar segjast vilja. Öll fyrri reynsla og reynsla síðustu mánaða af þessari stefnu staðfestir þetta.

Til marks um, að ríkisstjórnin heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu, er sú kúvending í húsnæðismálum sem er innsiglið með þessu fjárlagafrumvarpi. Fjárframlög úr ríkissjóði til byggingar íbúða á vegum einstaklinga eru freklega skorin niður samtímis því sem slík framlög til félagslegra íbúðabygginga eru margfölduð. Þörf á byggingu verkamannabústaða fyrir láglaunafólk er mikil, en sú leið að skera niður fjárframlög til almennra íbúðabygginga í sjálfseign um miklu hærra

fjárhæð en nemur hækkan á framlögum til byggingar verkamannabústaða, eins og gert er í þessu fjárlagafrumvarpi, sýnir hvert er stefnt.

Ríkisstjórnin sver sig í ætt við vinstri stjórnir að öðru leyti. Hún lætur reka á reiðanum í peningamálum, fjárfestingarmálum og launamálum. Þrátt fyrir feluleik í verðlags- og gengismálum, niðurgreiðslur og neðanjarðarhagkerfi, sem hún hefur komið á fót til þess að fara í kringum vísitöluskrúfunu, fær hið sjálfvirka kerfi verðlags-, launa-, húvöruverðs- og fiskverðshækkana svo til óáreitt að viðhalda og magna óðaverðbólgu, sem er í þann veginn að sliga atvinnuvegina og valda efnahagslegri og siðferðilegri upplausn í þjóðfélaginu.

Forsætisráðherra upplýsti á Alþingi í apríl í vor, að von væri róttækra nýrra aðgerða í efnahagsmálum til þess að hamla gegn verðbólgunni. Þessi úrræði áttu að koma jafnframt „niðurtalningunni“ og áttu að sögn forsætisráðherra að minnka verðbólgu niður undir 40% á yfirstandandi ári. Fyrir nokkrum dögum, þegar komið er fram í desember og fara á að afgreiða fjárlög, upplýsti félagsmálaráðherra — hinn nýi formaður Alþýðubandalagsins — í þingræðu, að efnahagsráðstafanir væru til stöðugar umræðu innan ríkisstjórnarinnar, en „niðurstaða er engin“.

Afleiðingin af þessu ráðleysi er komin í ljós. Verðbólgan verður ekki 40% frá ársbyrjun til ársloka, heldur 55%. Þjóðhagsstofnun spáir því, að verðbólgan nái nýju Íslandsmeti og verði 70% á næsta ári, ef sama stefnuleysi ríkir í efnahagsmálum. Þessi hrikalega verðbólga er eitt helsta einkenni helsjúks efnahagslífs.

Sjúkdómseinkennin eru fleiri og fullt eins alvarleg. Þjóðarframléiðsla á mann, sem jókst um 5.2% árið 1977, stendur í stað á árinu 1980 og mun minnka á árinu 1981, ef spár Þjóðhagsstofnunar rætast. Kaupmáttur taxtakaups launþega, sem minnkaði um 5% fyrri hluta þessa árs, mun minnka á næsta ári um svipaðan hundraðshluta. Halli á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd verður nærri 100 milljarðar króna á árunum 1980 og 1981, en á árinu 1978 var hagstæður jöfnuður á viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Erlend lán hafa hækkað í erlendri mynt frá áramótum 1977 til áramóta 1980 um 320 millj. dollara. Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánunum hefur aukist verulega. Árið 1979 var greiðslubyrðin 12.8% af útflutningstekjum. Árið 1980 er áætlað að þetta hlutfall hækki í 15.2% og að um áramót verði greiðslubyrðin í prósentum af þjóðarframléiðslu komin yfir 37%, ef gengi væri skráð í samræmi við eðlilega afkomu útflutningsatvinnuveganna. Almennt er talið, að hættumörk þessa hlutfalls nemi milli 33 og 34%.

II. Ríkisfjármál og skattamál frá 1978.

1. Aukning skattheimtu.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar komst til valda árið 1978 hóf hún feril sinn með því að leggja afturvirka aukaskatta á þjóðina. Þessir aukaskattar voru m. a. 50% álag á tekju- og eignarskatt einstaklinga og hafa skattstigari síðan verið við það miðaðir að viðhalda þessum skattaálögum. Ferill tveggja ríkisstjórna, sem setið hafa að völdum síðan 1978, á sviði skattamála sést í hnotskurn þegar skoðaðar eru eftirfarandi tölur. Þær sýna innheimtu skatta til ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjóðarframléiðslu. (Heimild: Þjóðhagsstofnun).

Skattar til ríkisins í % af vergri þjóðarframléiðslu.

1977	25.0%
1978	26.4%
1979	27.8%
1980	28.0% (áætlun Þjóðhagsstofnunar)
1981	28.3% (áætlun Þst. skv. frv.)

Á þessu tímabili hafa skattar til ríkisins af vergri þjóðarframléiðslu hækkað um 3.3%. Þjóðarframléiðslan er áætluð næsta ár 1850 milljarðar króna, sbr. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981. Skattahækkunin á næsta ári

verður því rúmlega 61 milljarður króna, þannig reiknuð. Að auki var sveitarfélögum heimilað að hækka útsvör um 10% í fyrra og gæti sú skattahækkun numið 10—12 milljörðum króna á næsta ári.

Svo til sama útkoma fæst ef lagðar eru saman viðbótartekjur ríkissjóðs vegna nýrra og hækkaðra skattstofna frá haustinu 1978. (Verðlag fjárlagafrv. 1981).

	Millj. kr.
1. Hækkun eignarskatta einstaklinga	6 570
2. Hækkun tekjuskatts einstaklinga	7 250
÷ lækkun sjúkratryggingagjalds	÷2 850
	10 970
3. Hækkun söluskatts um 2 prósentustig haustið 1979	16 000
4. Hækkun vörugjalds um 6 prósentustig á sama tíma	11 000
5. Gjald á ferðalög til útlanda	2 400
6. Innflutningsgjald á sælgæti	1 200
7. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2 200
8. Aðlögunargjald	2 700
9. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku	1 800
10. Skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir	13 300
11. Orkujöfnunargjald (1.5% söluskattur)	13 000
12. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð (sjá sundurl. síðar)	6 900
	81 470
Frá dregst:	
Niðurfelling söluskatts á matvörum haustið 1978	13 500
Lækkun tolla á tímabilinu	7 500
	60 470
Heildarskattahækkun á verðlagi fjárlagafrv. 1981	60 470

Niðurstaðan er nánast sú sama, hvort sem reiknað er út frá hlutfalli af vergum þjóðartekjum eða talin fram öll sú súpa nýrra og hækkaðra skatta, sem dunið hafa yfir á aðeins rúmum tveimur árum.

Með útsvarshækkuninni verða skattar nálægt 70 milljörðum hærri á árinu 1981 á verðlagi fjárlagafrv. Sá er aukaskattreikningur þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa frá hausti 1978.

Ef sérstaklega er athuguð fyrirhuguð skattahækkun á árinu 1981 — til viðbótar skattahækkunarflóðinu frá haustinu 1978 — kemur m. a. í ljós, að einum nýjum skattstofni er bætt við, þ. e. innflutningsgjaldi á sælgæti. Þá er svonefnt „orkujöfnunargjald“ lagt á allt árið 1981 skv. frv., en aðeins hluta þessa árs, og þyngjast skattur á næsta ári um 8 milljarða króna af þeim sökum. Eins og skattvísitalan er ákveðin í frv. mundi hún valda a. m. k. 2—3 milljarða króna tekjuskattshækkun. Þá virðist enn ætlunin að þyngja skatta á bensín umfram verðlagshækkanir. Skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar er stefnt að því í frv. að hækka skatta á bensín um 14 400 millj. kr., sem er 52.7%, og nemur hækkunin því umfram verðlagshækkanir samkv. forsendum frv. um þremur milljörðum króna. Þetta gerist í viðbót við rúma 10 milljarða á síðustu tveimur árum, sem bensínskattar hafa hækkað umfram verðlagsbreytingar. Frá þessu dregst afnám nýbyggingargjalds, sem er áætlað að hafa í för með sér 300 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 1981.

Nýir og hækkaðir skattar 1981 skv. fjárlagafrv. eru:

1. „Orkujöfnunargjald“, tekjur umfram árið í ár	8 000 m.kr.
2. Innflutningsgjald á sælgæti, nýr skattur	1 200 —
3. Hækkun tekjuskatts vegna skattvísitölu	2 000 —
Frá dregst niðurfelling nýbyggingargjalds	÷300 —
	10 900 m.kr.

Það vekur sérstaka athygli í þessu sambandi, að ætlunin er að innheimta 13 milljarða í „orkujöfnunargjald“ á árinu, sem er í raun söluskattsauki, en greiða einungis af því 5 milljarða í oliustyrki, þ. e. í beina jöfnun á verði orku til upphitunar. Þessir styrkir hækka einungis um 25% skv. frv. frá fjárlögum í ár, sem er augljóslega mikil lækkun að raungildi.

2. Þensla ríkisútgjalda.

Þensla ýmissa rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs hefur verið verulega meiri en sem nemur þeirri hrikalegu skattahækkun, sem að framan er lýst. Þetta hefur valdið hallarekstri ríkissjóðs, niðurskurði ýmissa framkvæmdaframlaga og niðurskurði á fjárframlögum til sjóða atvinnuveganna. Ætla má, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafi hækkað að raungildi um 70—80 milljarða á þessu tímabili. Sem dæmi um þensluna voru um það bil 100 nýjar stöður samþykktar í fjárlagafrv. yfirstandandi árs, en upplýsingar vantar um nýjar stöður í þessu fjárlagafrv.

Sem dæmi um niðurskurð á framkvæmdaframlögum, sem þessi eyðslustefna á sviði rekstrarútgjalda ríkissjóðs hefur í för með sér, má nefna, að framlög til hafnar-gerða eru einungis 78.2% af raungildi framlaganna á kjörtímabilinu 1974—1978, en þyrftu að vera 940 millj. kr. hærri árið 1981 til þess að halda sama raungildi. Til byggingar grunnskóla skortir skv. breytingartillögu fjárveitinganefndar 1 270 millj. kr. til að framlögin næsta ár haldi raungildi meðaltals árána 1974—1978, en þá var hart deilt á ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar fyrir niðurskurð á þessum framlögum, einkum af Alþýðubandalagsmönnum, flokksmönnum núverandi fjármálaráðherra.

3. Skerðing markaðra tekna.

Sá óeðlilegi og nánast óþinglegi háttur var upp tekinn í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar að skerða markaðar tekjur, sem eiga að renna til ákveðinna félagslegra þarfa skv. lögum, og láta tekjurnar ganga í ríkissjóð. Dæmi um þetta er skerðing tekna Erfðafjár sjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Skv. lögum á erfðafjárskattur að renna í Erfðafjár sjóð, sem nota á t. d. til að styrkja endurhæfingarstöðvar fyrir fatlaða. Undir því yfirskinu er skatturinn lagður á. Síðustu tvö ár hefur engu að síður verið ákveðið með öðrum lögum að láta hluta þessa skatts renna beint í ríkissjóð.

Auðvitað er ekkert athugavert — nema síður sé — við að fella niður skatta, sem ráðstafa á til ákveðinna þarfa skv. lögum. En slík „fjáröflunarleið“ í ríkissjóð, sem farin hefur verið undanfarið með því að láta þessar skatttekjur ganga í ríkissjóð, er í hæsta máta óeðlileg.

Í lögum eru ákvæði um að 2 prósentustig af 3.5% launaskatti skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins auk byggingarsjóðsgjalds. Engu að síður verða launaskattur og byggingarsjóðsgjald innheimt beint í ríkissjóð skv. fjárlagafrumvarpinu.

Ríkissjóður hagnast sem hér segir á þessum tilfæringum miðað við gildandi lög:

Markaðar tekjur, sem renna til almennra nota ríkissjóðs.

Hluti erfðafjárskatts	209 m.kr.
Hluti skemmtanaskatts	130 m.kr.
Byggingarsjóðsgjald	1 386 m.kr.
Hluti launaskatts ¹⁾	4 600 m.kr.
	<hr/>
	6 325 m.kr.

1) Hluti launaskatts er reiknaður þannig:

Skv. fyrri lögum hefðu óskert framlög af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna orðið:

2% af launaskatti	16 400 m.kr.
Framl. skv. frv. eru	÷11 800 m.kr.
„Hagnaður“ ríkissjóðs	4 600 m.kr.

4. Skerðing lögboðinna framlaga ríkissjóðs til ýmissa stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða skv. fjárlögum 1980 og frv. til fjárlaga 1981.

	Fjárł. 1980 m.kr.	Frv. 1981 m.kr.
Stofnlánadeild landbúnaðarins	353.0	732.0
Lánasjóður sveitarfélaga	106.2	135.0
Fiskveiðasjóður	618.1	1 336.6
Ferðamálasjóður	13.0	15.0
Félagsheimilásjóður	27.9	126.9
Hafnarbótasjóður	40.3	56.0
Aflatryggingasjóður	307.2	532.6
Landakaupasjóður	8.0	10.0
Framkvsj. öryrkja og þroskaheftra	140.0	300.0
Bjargráðasjóður	61.5	300.0
Ferðamálaráð	61.5	166.0
Byggðasjóður ¹⁾	3 382.0	5 700.0
	<u>5 057.5</u>	<u>9 107.1</u>

Skerðing á ríkisframlagi Byggðasjóðs er reiknuð þannig:

Fjárframlag ríkissjóðs skv. frv.	3 750 m.kr.
Eigið fé skv. áætlun í frv.	1 100 m.kr.
	<u>4 850 m.kr.</u>
2% af útgjaldahlið fjárlagafrv., svo sem tilskilið er í lögum	10 550 m.kr.
	<u>Skerðing 5 700 m.kr.</u>

Alls ekki er gagnrýniverð að draga úr lögboðnum útgjöldum ríkissjóðs. Þvert á móti. Þessi skerðing skv. frv. er hins vegar ekki gerð í því skyni að lækka útgjöld ríkissjóðs og skattheimtu, heldur til þess að geta aukið eyðsluútgjöld ríkissjóðs á öðrum sviðum. Skv. frv. eru framlög til þessara fjárfestingarsjóða skorin niður um rúma 9 milljarða og það fé notað til þess að auka ríkisbáknið, en ekki til skatta-lækkunar.

5. Afkoma ríkissjóðs frá 1978.

Á valdatíma tveggja ríkisstjórna frá hausti 1978 hefur ríkissjóður verið rekinn með miklum halla þrátt fyrir þær gífurlegu skattahækkningar sem að framan er lýst. Sé raunveruleg rekstrarafkoma ríkissjóðs borin saman við fjárlög er útkoman sú, að reksturinn skilar 23 milljörðum kr. verri útkomu á desemberverðlagi í ár en stefnt var að í fjárlögum. Ríkisfjármálin voru í jafnvægi á árinu 1978, þegar vinstri stjórnin settist að völdum. Hún gerði beinlínis ráð fyrir hallarekstri ríkissjóðs það ár, sem vinna átti upp á árinu 1979. Því var þveröfugt farið og varð rekstrarafkoma ríkissjóðs sem hér segir 1978—80:

A. Verðlag hvers árs millj. króna.	1978	1979	1980	Samtals
Tekjuafgangur skv. fjárlögum	1 023	6 664	2 937	10 624
Ríkisreikningur	÷1 609	1 110	÷2 288 ²⁾	÷4 987
Mismunur				15 611

- 1) Eigin áætlun. Aðrar tölur eru frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Framar er gerð grein fyrir meðferð á Byggingarsjóði ríkisins og Erfðafjárjóði.
- 2) Áætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

B. Á verðlagi í des. 1980, millj. króna.

	1978	1979	1980	Samtals
Tekjuafgangur skv. fjárlögum	2 264	10 329	2 937	15 530
Ríkisreikningur	÷3 552	÷1 720	÷2 268	÷7 540
Mismunur				23 070

Skv. minnisblaði frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, dags. 6. nóv. s.l., er áætlað að rekstrarafkoma ríkissjóðs 1980 verði sem hér segir:

Tekjur	372 931 m.kr.
Gjöld	375 199 m.kr.
Rekstrarhalli	2 268 m.kr.

Þessi niðurstaða, sem er eilítið hagstæðari en undanfarin ár, skýrist með því, að skattahækkningar hafa orðið meiri (tekjur ríkissjóðs hærri) en tekjuáætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Þá hafa niðurgreiðslur verið skornar niður miðað við loforð í stjórnarsáttmála um nálægt 1 000 millj. kr. Sé á hinn bóginn litið á allt valdatímabil fyrrnefndra ríkisstjórna nægðu skattahækkningar, sem nema 60 milljörðum kr. á verðlagi fjárlagafrv., ekki til þess að ná hallalausum rekstri ríkissjóðs.

III. Neðanjarðarhagkerfi vinstri stjórna.

Efnahagsstefna (eða stefnuleysi) allra vinstri stjórna, sem setið hafa að völdum hér á landi, hefur nokkur megineinkenni.

Í fyrsta lagi hafa þær sérstakt dálæti á verðlagshöftum, miðstýringu og hvers kyns efnahagslegum feluleik.

Í öðru lagi beita þær niðurgreiðslum, „félagsmálapökkum“ og millifærslum í ríki mæli.

Í þriðja lagi fylgja þær eyðslu- og útpenslustefnu í ríkisfjármálum og fjárfestingu.

Síðast en ekki síst beita þær hóflausum skattaálögum.

Afleiðingin er sú í ríkisfjármálum sem að framan er lýst. Að því er varðar verðlagshöftin, félagsmálapakkana, niðurgreiðslurnar, millifærslurnar og efnahagslegan feluleik verður afleiðingum þeirrar stefnu skást lýst með orðinu **neðanjarðarhagkerfi**. Bannað er að selja vöru á sannanlegu kostnaðarverði, t. d. orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, olíu eða brauð, svo nokkur nýleg dæmi séu tekin. Hluti af raunverulegu verði er neðanjarðar. Fyrirtækin eru látin safna skuldum, jafnvel sjúkrahús, sem rekin eru á daggjaldakerfinu, hafa safnað milljarðaskuldum á þessu ári. Veigamikill þáttur í verðlagshöftum — eða efnahagslegum feluleik vinstri ríkisstjórna — er það sem þær nefna stundum ranglega „aðhald í gengismálum“. Þær viðurkenna ekki það gengi krónunnar, sem útflutningsvatninnvegirnir þurfa til þess að hagkvæmur og eðlilegur rekstur útflutningsgreina geti horið sig þegar til lengdar lætur. Hluta sannanlegs kostnaðar við öflun gjaldeyris er þannig þrýst undir yfirborðið eða haldið neðanjarðar, ef svo mætti að orði kveða. Afleiðingarnar eru þær, að útflutningsvatninnvegirnir eru reknir með halla og vaxandi skuldafélagi. Á þessu ári er talið að gengið hefði þurft að vera 8—9% lægra til þess að útflutningsvatninnvegirnir bæru sig. Þetta falska gengi frestar verðbólguflóði til næsta árs eða ára og dylur ýmis sjúkdómseinkenni efnahagslífsins sem öll kæmu upp á yfirborðið ef slíkur feluleik væri ekki beitt.

Þetta neðanjarðarhagkerfi veldur því, að enginn aðili í þjóðfélaginu veit hvar hann stendur fjárhagslega. Heimilin vita ekki, hvenær stjórnvöld auka eða minnka niðurgreiðslur. Fyrirtæki vita ekkert um leyft verð vöru þeirra eða þjónustu mánuð

fram í timann. Jafnvel opinber fyrirtæki og stofnanir eru ofurseld þessari sömu óvissu. Augljóst er, að öll áætlanagerð og heil efnahagsleg hugsun er útilokuð við slíkar aðstæður, sem hlýtur að verða til þess að rýra líf skjörin í landinu.

Félagsmálapakkar eru ekki sparaðir, en þeir eru sumir kostulegir. Í þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 7 500 millj. kr. fjárframlagi til Byggingarsjóðs verkamanna. Jafnframt er fjárframlag til Byggingarsjóðs ríkisins (húsnæðismálastjórnar) skorið niður um hærrí fjárhæð. Ríkissjóður leggur því þrátt fyrir þennan „félagsmálapakka“ minna af mörkum til húsnæðismála en gildandi lög kveða á um.

Sama máli gegnir um niðurgreiðslurnar. Þær fela hluta af kostnaðarverði ákveðinna vörutegunda.

Allar þessar „ráðstafanir“ eru auðvitað gerðar til þess að fara í kringum vísitöluna, sem á sama tíma á þó að vera heilagur verðmælir á launakjör fólksins í landinu.

Núverandi ríkisstjórn er sannarlega ekki eftirbátur vinstri stjórnna í þessum hráskinnaleik.

„Niðurtalningin“, eins og hún hefur verið framkvæmd, er í reynd harðvítugustu verðlagshöft, sem upp hafa verið tekin, a. m. k. á síðasta áratug. Með því að banna með stjórnvaldsboði verðhækkun vöru eða þjónustu í samræmi við sannanlegan tilkostnað er auk þess gripið til miðstýringar og ríkisafskipta, sem setja atvinnuvegina í spennitreyju þannig að þeir fá ekki valdið því hlutverki að bæta líf skjör í landinu.

Verðlagshöft hafa aldrei dugað í glímu við verðbólgu. Reynslan sannar þetta áþreifanlega nú. „Niðurtalningin“ hefur svo kirfilega mistekist að um algjör ófugnæli er að ræða. Þetta sést best á eftirfarandi yfirliti:

	Niðurtalning skv. stjórnarsáttmála	Hækkun vísitölu í raun (F-vísitala)
1. júní 1980	8.0%	11.7%
1. sept. 1980	7.0%	8.6%
1. des. 1980	5.0%	10.9%
Frá ársb. til ársloka 1980	31.0%	55.0%

IV. Almenn efnahagsþróun síðustu ára.

1. Verðbólgan.

Efnahagsþróun á áratugnum, sem er að ljúka, einkenndist fyrst og fremst af tveimur verðbólgutímabilum. Hið fyrra hófst á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Þá varð verðbólga mæld á mælikvarða framfærsluvísitölu 49.7% frá ársbyrjun til ársloka 1974, en verðbólga á árinu 1971 var einungis 3.8%. Hlé varð á verðbólguvextinum 1975—76, en síðan seig aftur á ógæfuhliðina eftir „sólstöðusamningana“ 1977. Steininn tók þó úr eftir valdatöku vinstri stjórnarinnar 1978. Þá hækkaði verðlag um 60.7% frá ársbyrjun til ársloka 1979. Nú stefnir í enn meiri ógæfu. Skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar verður verðbólga á næsta ári 70%, ef óbreyttri stefnu verður fylgt í efnahagsmálum.

Þessi þróun sést glögg á neðangreindum tölum. (Heimild: Skýrsla um þjóðhagsáætlun fyrir 1981 og Þjóðhagsstofnun).

Breytingar verðlags (F-vísitölu) frá upphafi til loka árs:

1971	3.8%
1972	13.0%
1973	34.2%
1974	49.7%
1975	41.0%
1976	32.5%
1977	36.0%
1978	39.2%
1979	60.7%
1980	55.0%
1981	70.0% (áætlun Þjóðhagsstofnunar)

Þessar tölur tala skýru máli um vinstri úrræði í efnahagsmálum og verðbólgu. Því er haldð fram, að nú sé við að glíma „innflutta verðbólgu“, að oliuverð og innflutningsverð almennt hafi hækkað gífurlega og leitt til þeirrar óðaverðbólgu sem hér ríkir. Þetta skýrir efnahagsöngþveitið aðeins að sáralitlu leyti. Skv. skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir 1981 kemur fram, að innflutningsverð hækkaði um 20% í erlendri mynt árið 1979, 12—14% árið 1980 og áætluð hækkun árið 1981 er 7—8%.

Samanburður á „innfluttri verðbólgu“ og innlendra er þannig:

	„Innflutt verðbólga“	Innlend verðbólga
1979	20%	60.7%
1980	12—14%	55.0%
1981	7—8%	70.0%

„Innflutta verðbólgan“ minnkar ört, en innlend verðbólga vex óðfluga á sama tíma. Meginskýringin er auðvitað sú, að verðbólgan er fyrst og fremst heimatilbúin og stafar af því, að sú vinstri efnahagsstefna, sem hér hefur verið lýst, magnar vandann í stað þess að leysa hann.

2. Verðbólga og lífskjör.

Verðbólga, sem er ár eftir ár um og yfir 50, 60 eða jafnvel 70%, er allt annar og illkynjaðri efnahagssjúkdómur en sú verðbólga sem er í nágrannalöndum. Fyrir utan þann hrikalega ójöfnuð og tilflutning verðmæta milli einstaklinga, sem hún hefur í för með sér, ýtir hún undir óhagkvæma fjárfestingu og lamar atvinnuvegina. Afleiðingin er versnandi lífskjör.

Það er þess vegna engin tilviljun, að þjóðarframleiðsla á mann hefur minnkað ört undanfarið eða sem hér segir:

1977	5.2% aukning
1978	3.6% —
1979	1.3% —
1980	0 spá Þjóðhagsstofnunar
1981	0.5% samdráttur

Kaupmáttur launa hefur farið sömu leiðina. Skv. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhagsáætlun hefur þróunin í því efni orðið sem hér segir:

Breyting kaupmáttar kauptaxta allra launþega milli ára:	
1977	+11.8%
1978	+ 7.6%
1979	÷ 1.0%
1980	÷ 5.0%
1981	÷ 5—6% (spá Þjóðhagsstofnunar)

Í umræðum á Alþingi upplýsti félagsmálaráðherra, Svavar Gestsson, að þróun kaupmáttar taxtakaups verkamanna á þrem ársfjórðungum í ár væri sem hér segir, miðað við annars vegar kaupmátt „sólstöðusamninganna“ 1977 og fyrir þá samninga hins vegar:

	Kaupmáttur fyrir sólstöðusamninga = 100	Kaupmáttur sólstöðusamninga = 100
1. ársfj. 1980	112.0	94.9
2. — —	107.3	90.9
3. — —	107.8	91.3


M. ö. o. var kaupmáttur taxtakaups verkamanna 1. okt. s.l. litlu meiri en fyrir sólstöðusamningana 1977, og nærri 10% skortir á kaupmátt þeirra til þess að kosningaloforðið „samningana í gildi“ hafi verið efnt. Á hinn bóginn upplýsti félagsmálaráðherra, að verðbólgan hefði verið um 261.9% síðan þessir samningar voru gerðir. Þá var jafnmikils virði að eiga 28 aura og eina krónu nú. Einnig hafa skattar þyngst á almenningi um 70 milljarða á verðlagi fjárlagafrv.

Því hefur verið haldið fram, að ein megin skýringin á þessari óheillapróun sé viðskiptakjararýrnun, sem þjóðin hefur orðið fyrir í kjölfar olíuverðshækkana. Því fer víðs fjarri. Viðskiptakjör eiga að rýrna um 1—2% á árinu 1981 skv. reikningsforsendum í þjóðhagsspá. Samt rýrnar kaupmáttur um 5—6% skv. sömu útreikningum að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum.

Þetta er auðvitað afleiðing ráðleysis, stjórnleysis og óðaverðbólgu, sem ríkt hefur í landinu að undanfögnu. Því hefur verið haldið fram, að verðbólga hafi dregið úr hagvexti um 1% á ári, þegar hún var miklu minni en nú. Ískyggilegt er, að þjóðarframleiðslan skuli dragast saman á sama tíma sem t.d. botnfiskafli er 160 þús. tonnum meiri á yfirstandandi ári en árið 1978. Sé þetta tvennt borið saman kemur eftirfarandi í ljós:

	Botnfiskafli þús. tonn	Þjóðarframl. breyt. f. f. á.
1978	470	3.6%
1979	568	1.3%
1980	630	0

Verzlunarráð Íslands hefur reiknað út, hverjar þjóðartekjur Íslendinga væru ef verðbólgan hefði ekki dregið úr þjóðarframleiðslunni á undanförunum árum. Útkoman er sú, að þær gætu verið 20% hærrí, eins og sést á eftirfarandi línuríti.



3. Viðskiptahalli og vaxandi erlend skuldasöfnun.

Sú þróun, sem orðið hefur á jöfnuði viðskipta við aðrar þjóðir, og vaxandi skuldasöfnun erlendis er ískyggileg. Viðskiptajöfnuður er skv. spá og rauntölum óhagstæður um nærri 100 milljarða króna árin 1979—81. Þróunin hefur orðið sem hér segir (verðlag hvers árs. — Heimild: Þjóðhagsstofnun):

Viðskiptajöfnuður m.kr.	
1978	+ 7 870
1979	÷ 7 220
1980	÷46 000
1981	÷40 000 skv. þjóðhagsspá.

Erlendar skuldir hafa vaxið um 320 milljónir dollara frá 1977 til næstu áramóta, 1980/1981, eða um 190 milljarða króna á áætluðu áramótageggi.

Á yfirstandandi ári fóru erlend lán til langs tíma 20 milljarða fram úr áætlun lánsfjárlaga. Teknir voru að láni 105 milljarðar í stað 85 milljarða eins og gildandi lánsfjárlög gera ráð fyrir. Þótti þó flestum sú upphæð nógu há.

Löng erlend lán námu um hver áramót sem hér segir:

	M.kr.	Gengi dollars um hver áramót
1977	134 320	212.8
1978	236 130	317.7
1979	331 348	394.4
1980	562 000	590.0 (áætlun Seðlabanka)

Greiðslubyrði erlendra lán hefur farið ört vaxandi, bæði á mælikvarða hlutfalls af útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrðin hefur vaxið í hlutfalli af útflutningstekjum sem hér segir:

Hlutfall af útfl.tekjum	
1977	13.7%
1978	13.1%
1979	12.8%
1980	15.2% (áætl. Seðlabanka)

Erlend lán til langs tíma hafa aukist verulega í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Þróunin hefur orðið sem hér segir:

Löng erlend lán % þjóðarframleiðslu	
1977	31.6%
1978	33.8%
1979	34.6% (áætlun Seðlabanka)
1980	34.9%
(1980	37.7% (8% lægra gengi, óstaðfest áætlun))

Flestir eru sammála um að eðlilegt sé að taka erlend lán til arðbærra framkvæmda. Á hinn bóginn er ekki talið æskilegt, að greiðslubyrði erlendra lána verði meiri en svo, að þau fari fram úr 33—34% af þjóðarframleiðslu.

Núverandi gengisskráning falsar skuldastöðuna, og er óhætt að fullyrða að löng erlend lán í hlutfalli við þjóðarframleiðslu séu komin yfir 37%. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni, vegna þess að enn horfir í sömu átt eftir því sem best verður séð af þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um erlenda lántöku á næsta ári.

V. Lokaorð.

Það lýsir glöggst því öngþveiti og stjórnleysi, sem ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, að allar verðlags-, launa- og kostnaðarforsendur, sem gengið var út frá þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir tveimur mánuðum, eru nú gjörsamlega brostnar. Þá var frv. reist á þeim verðlagsforsendum, að meðalverðbreytingar milli áráanna 1980 og 1981 yrðu 42% og verðlagshækkunar frá áramótum til ársloka 1981 um 31%. Þetta er í samræmi við þjóðhagsspá, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi í haust eins og kveðið er á í lögum.

Nú, tveimur mánuðum síðar, hefur fjárveitinganefnd að eigin ósk fengið í hendur frá Þjóðhagsstofnun (dags. 21. nóv.) „Lauslega áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981“, dagsetta 21. nóv. s.l. Þar er áætlað, að verðlag hækki að meðaltali um 65% milli áráanna 1980 og 1981 og um 70% frá ársbyrjun til ársloka 1981.

Samanburður á verðlagsspá Þjóðhagsáætlunar og nýrra útreikninga Þjóðhagsstofnunar er þannig:

	Þjóðhagsspá gerð í okt. s.l.	Ný áætlun dags. 21. nóv.
Meðaltalshækkun F-vísitölu milli ára	42%	65%
Hækkun F-vísitölu frá ársb. til ársloka	31%	70%

Þá er í nýju áætluninni gert ráð fyrir því, að „kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári þrátt fyrir grunnkaupshækkunar í haust.“

Þessi áætlun Þjóðhagsstofnunar — eða „framreikningur á vixlgangi kostnaðar og verðlags“ — er miðaður við eftirfarandi meginforsendur (orðrétt úr áætluninni):

- „a) að vísitölubinding launa verði skv. gildandi lögum.
- b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
- c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag atvinnuveganna.“

Hér er því verið að lýsa óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og afleiðingum hennar á næsta ári. (Áætlun Þjóðhagsstofnunar fylgir nefndarálitinu sem forskj.).

Frá því í apríl í vor hefur forsætisráðherra ýmist fullyrt eða gefið í skyn, að ríkisstjórnin hafi á þróunum ný úrræði í viðureigninni við verðbólgu. Í frv. til fjárlaga er tilgreind sérstök fjárhæð til efnahagsráðstafana, 12 milljarðar króna.

Stjórnarandstaðan hefur margspurt, hvenær þessar síðbúnu efnahagsráðstafanir sjái dagsins ljós, en allt kemur fyrir ekki.

Ef til vill skiptir litlu máli, hvort svör fást við þessum spurningum. Nýjustu útreikningar Þjóðhagsstofnunar á verðbólguholskeflu næsta ár mundu þýða að 10 milljarða króna skorti til að unnt sé að halda sama niðurgreiðslustigi landbúnaðarvara á næsta ári og fjárlög gerðu ráð fyrir á árinu 1980. Sé einungis miðað við forsendur fjárlagafrv. um 42% verðhækkunar að meðaltali milli áráanna 1980 og 1981 skortir 4 500 millj. kr. til þess að standa undir sama niðurgreiðslustigi landbúnaðarvara og fjárlög 1980 gerðu ráð fyrir.

Um áramót tekur gildi nýr gjaldmiðill. Nýkrónan hefur hundraðfalt gildi gömlu krónunnar. Hér gafst gullið tækifæri til að endurvekja trú almennings á gjaldmiðlinum og stjórn efnahagsmála. Öflugar samræmdar ráðstafanir hefði þurft að gera til þess að varðveita verðgildi hinnar nýju krónu. Allar líkur benda til að á eins árs afmæli nýkrónunnar hafi hún fallið hraðar í verði en gamla krónan hefur nokkru sinni gert. Slíkt er öngþveitið og stjórnleysið í íslenskum efnahagsmálum. Því er hætta á, að myntbreytingin geti veikt trú fólksins á gjaldmiðlinum og lýðræðislegum stjórnarháttum enn meira en orðið er.

Við þessar aðstæður, sem hér hefur rækilega verið lýst, er algjörlega útilokað fyrir stjórnarandstöðu að flytja einstakar tillögur til breytinga á fjárlagafrumvarpi til verulegs niðurskurðar eins og þörf væri á. Mikilvægar upplýsingar skortir einnig, þegar 2. umræða fjárlaga fer fram. T. d. hefur lánsfjáráætlun ekki séð dagsins ljós þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði og yfirlýsingar í athugasemdum fjárlagafrv. um að hún „verði lögð fyrir Alþingi í byrjun nóvember“.

Þetta frv. gengur þvert á stefnumið Sjálfstæðisflokksins, eins og rækilega hefur verið rökstutt hér að framan. Sama máli gegnir um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar.

Alþingi, 11. des. 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Friðrik Sophusson.

Guðm. Karlsson.

Fylgiskjal.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

21. nóvember 1980.

Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.

Í eftirfarandi tölum um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 er miðað við þær meginforsendur:

- a) að visitölubinding launa verði samkvæmt gildandi lögum,
- b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
- c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag útflutningsatvinnuvega, þó að teknu tilliti til hugsanlegrar hækkunar á afurðaverði.

Þessari áætlun er eingöngu ætlað að sýna, hvert stefni í þróun verðlags, gengis, launa og kaupmáttar að þessum forsendum gefnum. Áætlunin er reist á framreikningi á vixlgangi kostnaðar og verðlags, eins og hann hefur verið á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir, að allur launakostnaður fylgi breytingum kauptaxta og að fiskverð hækki líkt og laun, bæði grunnlaun og verðbætur. Reiknað er með nokkurri hækkun útflutningsverðs á næsta ári, eða nálægt 7% á næstu 12 mánuðum, en heldur meiri hækkun innflutningsverðs.

Á framangreindum forsendum má setja upp eftirfarandi dæmi um breytingar framfærsluvisitölu og byggingarvisitölu á næsta ári. Fyrri dagsetningin á við framfærsluvisitölu, en síðari dagsetningin við byggingarvisitöluna.

	F-visitatala		B-visitatala	
	Hækkun hverju sinni %	Hækkun síðustu 12 mánuði %	Hækkun hverju sinni %	Hækkun síðustu 12 mánuði %
1980				
Nóv./desember	10,9	51	15	56
Frá upphafi til loka árs ..		55		56
Ársmeðaltal		58		55
1981				
Febrúar/mars	13—14	57	16	65
Mai/júní	15—16	60	14	67
Ágúst/september	13	65	14	73
Nóvember/desember	15	71	13	70
Frá upphafi til loka árs ..		70		70
Ársmeðaltal		65		68

Eins og áður sagði, er í þessum tölum gert ráð fyrir því, að gengi krónunnar verði lækkað til þess að mæta áhrifum kostnaðarhækkana á afkomu útflutningsgreina. Hvort slík gengisaðlögun gerist í einu skrefi eða með gengissigi yfir nokkurn tíma, getur haft áhrif á verðlagsbreytingar á einstökum tímabilum, en breytir ekki niðurstöðunni fyrir árið allt. Líklegt virðist í þessu dæmi, að verð á erlendum gjaldreyri hækki að meðaltali um 55—60% milli árunna 1980 og 1981, en það jafngildir 35—38% lækkun á gengi krónunnar. Frá upphafi til loka ársins 1981 yrði hækkun á verði erlends gjaldeyris 50—55%, þ. e. gengi krónunnar lækkaði um 33—35%.

Eins og fyrr segir er í dæminu gert ráð fyrir óbreyttu kerfi verðbótageiðslna á laun samkvæmt gildandi lögum. Kauptaxtar hækka þannig heldur minna en verðlag vegna búvörufrádráttar og áfengis- og tóbaksfrádráttar. Auk þess felst í forsendunum lítils háttar rýrnun viðskiptakjara, sem einnig kæmi til frádráttar, en sá frádráttur skiptir þó litlu máli í dæminu. Ekki er gert ráð fyrir neinni grunnkaupshækkun á árinu 1981. Hækkun kauptaxta ASÍ í nýgerðum samningum er hér metin 10% að meðaltali og hækkun grunnlauna í heild, þ. m. t. samningur BSRB og ríkisins, er áætluð 8% að meðaltali fyrir alla launþega. Hækkunir kauptaxta eru síðan áætlaðar sem hér segir:

	Kauptaxtar allra launþega	
	Hækkun hverju sinni %	Hækkun síðustu 12 mánuði %
1980		
1. desember	9,5	53
Ársmeðaltal		51
1981		
1. mars	11—12	60
1. júní	13—14	63
1. september	11	65
1. desember	13	59
Ársmeðaltal		60

Þegar launa- og verðlagsbreytingar eru jafnmiklar og framangreindar tölur sýna, verða miklar sveiflur í kaupmætti launa frá einum mánuði til annars. Sé kaupmáttarþróunin dregin saman í meðaltal ársfjórðunga, verður niðurstaðan eftirfarandi:

Kaupmáttur kauptaxta. Vísitölur 1979 =100.

	Allir launþegar	ASÍ
1979, ársmeðaltal	100	100
1980		
1. ársfjórðungur	97,2	97,7
2. ársfjórðungur	93,0	93,4
3. ársfjórðungur	94,3	94,4
4. ársfjórðungur	96,4	97,6
Ársmeðaltal	95,1	95,7
1981		
1. ársfjórðungur	95,7	97,7
2. ársfjórðungur	92,7	94,7
3. ársfjórðungur	92,8	94,8
4. ársfjórðungur	90,1	92,2
Ársmeðaltal	92,5	94,5

Samkvæmt þessu yrði kaupmáttur kauptaxta allra launþega að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári, þrátt fyrir grunnkaupshækkunir í haust. Á síðasta fjórðungi næsta árs yrði kaupmátturinn 5—6% minni en á síðasta fjórðungi þessa árs. Að því er ASÍ-félaga varðar er kaupmáttarrýrnun milli 1980 og 1981 um 1% og 4—5% milli síðustu fjórðunga árána. Eins og áður sagði verða miklar sveiflur milli einstakra mánaða.

Að lokum skal ítrekað, að ýmsa fyrirvara þarf að hafa um reikninga af þessu tagi. Hér er verið að framreikna verðlagsþróun að undanfögnu miðað við ákveðnar forsendur um kostnaðarhækkunir og áhrif þeirra á verðlag. Reikningar sem þessir geta gefið allgóða vísbendingu um breytingar á næstu 3 til 6 mánuðum en úr því verða þeir ónákvæmari. Eins og áður sagði, er hér fyrst og fremst verið að sýna, hvert stefni, ef ekkert verður að gert.